



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjork@myv.is

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Mývatnssveit 3. maí 2016

Efni: Samgönguáætlun 2015-2018

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps lýsir yfir miklum vonbrigðum með þá forgangsröðun framkvæmda sem fram kemur í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2015-2018. Dettifossvegur er gríðarlega mikilvæg samgöngubót til að tengja saman byggðir á Norðausturhorninu, jafnframt sem hann gegnir veigamiklu hlutverki í áfámhaldandi þróun ferðaþjónustu á svæðinu. Vegakerfið gegnir lykilhlutverki í því markmiði að ná fram dreifingu ferðamanna og jákvæðri upplifun auk þess sem hér er um öryggsmál að ræða. Sveitarstjórn leggur áherslu á að auknu fé verði veitt til vegamála þannig að hægt verði að klára Dettifossveg á tímabilinu.


Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri

